

framt staðhæft, að þeir hafi algerlega neitað þeim greiðslum, og þar af leiðandi mótmælir hann eindregið þessari kröfu stefnanda.

Gegn þessum mótmælum stefnda hefir stefnandi ekki fært þær sönnur á réttmæti þessa kröfuliðs, að hann geti orðið tekinn til greina.

Skv. framanskráðu verða úrslit málsins því þau, að áðurnefndum kröfulið vísast frá dómi, en stefndur verður sýknaður af öðrum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Réttinn skipuðu hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Þvi dæmist rétt vera:

Framangreindum kröfulið vísast frá dómi.

Að öðru leyti á stefndur, Pálmi Loftsson f. h. Skipaútgerðar ríkisins, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Péturs Guðmundssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

---

Mánudaginn 11. desember 1939.

Nr. 91/1939. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Aðalsteini Hólmi Þorsteinssyni**

(Guðmundur I. Guðmundsson).

Ofbeldi og líkamsárás.

**Dómur hæstaréttar.**

Meiðsl þau, er Skúli Pálsson hlaut af árás ákærða, þykja varða við 205. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða fyrir brot þau, er í máli þessu greinir, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 90 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og skaðabóta staðfestast.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 70 krónur til hvors.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Ákærði, Aðalsteinn Hólm Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 90 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og skaðabóta staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Guðmundar I. Guðmundssonar, 70 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. júlí 1939.**

Ár 1939, miðvikudaginn 12. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á lögreglustöðinni af hinum reglulega dómara, Jónatan Hallvarðssyni, settum lögreglustjóra, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1083/1939: Réttvisin og valdstjórnin gegn Aðalsteini Hólmi Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms þann 10 fyrra mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Aðalsteini Hólmi Þorsteinssyni, birgðaverði, til heimilis á Ránargötu 13 hér í bæ, fyrir brot gegn 18. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. ágúst 1914, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1927  $2\frac{8}{11}$  Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.  
 1929  $\frac{9}{12}$  Sátt: 10 kr. sekt fyrir að tvímenna á reiðhjólí.  
 1930  $\frac{3}{1}$  Sátt: 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.  
 1931  $2\frac{3}{8}$  Kærður fyrir innbrotþjófnað. Fór af landi burt til Canada, áður en til hans náðist.  
 1932  $2\frac{7}{12}$  Sátt: 200 kr. sekt fyrir brot á áfengislögnum, ölvun og neyzlu áfengis í veitingahúsi.  
 1933  $2\frac{1}{2}$  Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir innbrotþjófnað og annan þjófnað.  
 1937  $2\frac{9}{8}$  Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og mótpróa við lögreglu.  
 1937  $1\frac{9}{8}$  Sátt: 55 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.  
 1937  $\frac{3}{12}$  Kærður fyrir árás. (Meint brot). Málsókn féll niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 10. jan. 1938.

Föstudagskvöldið 6. maí s. l. var ákærður ölvaður með fleiri mönnum á ferli um götur bæjarins.

Um klukkan eitt um nóttina fór hann, þá í æstu skapi, inn í port við húsin Njálsgötu 23 og Frakkastíg 16 og úr portinu inn í hús, sem hann hafði heyrt, að selt væri áfengi í, og það fólk, er hann hitti þar, að selja sér áfengi. Honum var neitað um áfengi, og fór hann þá út í portið.

Í portinu var staddur Sigtryggur Eiríksson, lögregluþjónn, Bergþórugötu 57, óeinkennisbúinn, og var þar að tala við stúlku. Ákærður, sem kannast við Sigtrygg, skipti við hann nokkrum orðum og gekk síðan út úr portinu og hitti þar fyrir utan kunningja sinn, sagði honum, að inni í portinu væri lögregluþjónn, sem hefði oft skipt sér af sér (svo) og sér væri fremur þungt til, og spurði, hvort hann ætti ekki að berja hann. Kunningi hans vildi aftra honum frá að gera það, en ákærður fór samt sem áður inn í portið, réðst þar á lögregluþjóninn og barði hann mörg högg með kreftum hnefa í höfuðið, svo að hann féll til jarðar meðvitundarlaus. Þegar þetta gerðist, var stúlkan farin, en kunningi ákærða kom nú inn í portið og fór að stumra yfir lögregluþjóninum.

Þessi lýsing á viðureign ákærða við Sigtrygg Eiríksson er samkvæmt játningu ákærðs og framburði vitnisins Björns Guðmundssonar, en þeirra skýrslu um málið þykir verða að leggja til grundvallar gagnvart ákærða, þó að framburður Sigtryggs og sumt annað, er fram hefir komið, sé nokkuð á annan veg.

Ákærði ætlaði nú út úr portinu, en í portdyrunum mætti hann Skúla Pálssyni, framkvæmdarstjóra, Bergþórugötu 16, er var þar í fylgd með stúlku, og höfðu þau þá rétt áður komið inn í portið, en þurft út úr því aftur. Um skipti ákærða annarsvegar og Skúla og stúlkunnar hinsvegar, áður en handalögmál hófst, fer mjög tvennum sögum. Ákærði og kunningi hans kveða Skúla hafa að fyrra bragði hreytt ónotayrðum að ákærðum og ákærður hafi þá ráðizt á hann, en Skúli og stúlkan kveða ákærðan, þegar er hann mætti þeim, hafa þrifið í kápubrjóst eða boðung stúlkunnar. Hafi Skúli þá spurt hann, hvað þetta ætti að þýða eða hvaða frekja þetta væri, en þá hafi ákærði ráðizt á Skúla. En hvernig sem þessu hefir verið farið, er ljóst, að Skúli hefir ekki hið minnsta veitzt líkamlega að ákærðum að fyrra bragði, heldur hóf ákærður, sem var mjög æstur og ölvaður, að fyrra bragði árás á Skúla og reyndi að berja hann. Skúli varðist nú höggum og hörfaði undan út á gatnamót Njálsgötu og Frakkastígs, en þar sem hann þóttist sjá, að hann hefði ekkert við ákærðum, snéri hann sér undan og ætlaði að hlaupa burtu. Í því hann snéri sér við, barði ákærði hann eitt hnefahögg í bakið, og hnaut Skúli við það, en féll þó ekki og tókst að hlaupa burtu. Í þessu hafði mjög ölvaður maður, sem staddur var þarna hjá, ráðizt að ákærðum til hjálpar Skúla, en ákærður sló hann umsvifalaust niður.

Þegar þetta hafði gerzt, fór ákærður burtu. Kallað hafði verið á lögregluna, meðan á viðureigninni á götunni stóð, og kom hún, þegar viðureignin var um garð gengin og ákærður farinn.

Tók hún Sigtrygg og flutti hann heim til hans og náði í lækni handa honum, því hann var mjög blóðugur og bólgin og lítt þekkjanlegur, en þegar hér var komið, hafði hann fengið rænu.

Um feril ákærðs það, sem eftir var nætur, er ekki ljóst,

en hann mun hafa reikað eitthvað um bæinn, og seinna um nóttina sást hann á sömu slóðum og viðureignin hafði gerzt. Kastaði hann þá steini í rúðu á Njálsgötu 23, svo rúðan brotnaði, og saup á vínflösku, þar sem hann var staddur á götunni.

Læknirinn, sem skoðaði Sigtrygg Eiríksson, þegar eftir að lögreglan flutti hann heim, hefir gefið svohljóðandi vottorð um meiðsl þau, er hann hafði hlotið: „Þeir áverkar, sem ég sá á honum, voru þessir: Á vinstra gagnauga nærri auganu blóðhlaupin kúla 2—3 sm að þvermáli. Úr henni miðri vætlaði talsvert blóð. Á hægri gagnauga minni háttar skráma. Í hnakkanum var kúla. V. nös var stoppuð af blóði. Seinna seig allmikil bólga einkum á vinstra auga, og myndaðist glóðarauga. Sömuleiðis vottaði fyrir glóðarauga hægri megin. Nefið reyndist óskaddað.“

Þann 12. maí, þegar Sigtryggur mætir síðast undir rannsókn málsins, kveðst hann enn hafa ónot í höfðinu, sérstaklega hnakkanum. Allar þjáningar segir hann þá horfnar úr augunum, en vinstra auga sé þó allblátt enn.

Læknir sá, er skoðaði Skúla Pálsson, framkvæmdarstjóra, sömu nóttina og viðureignin gerðist, hefir þann 10. maí gefið vottorð á þessa leið: „Aðfaranótt 6. maí síðastliðins kl. 1½ var ég sóttur af lögreglunni til þess að athuga herra Skúla Pálsson, Bergþórugötu 16, sem dvaldi (svo) á lögreglustöðinni. Hafði hann að sögn verið sleginn aftan frá í bakið neðan til og átti erfitt með að hreyfa sig. Eftir að Skúli hafði afklæðzt, þá athugaði ég hann, og reyndist vinstra megin við mjóbakið (á hupp) eymsli á stóru svæði, sem var lítt bólgið og dálítið blátt á yfirborðinu (marið). Allar hreyfingar voru hindraðar, bæði til hliða og fram og aftur. Athugun á þvagi gaf ekkert athugavert. Þar sem aðaleymslin voru í þvertindum liða mjóbaksins, þá áleit ég réttast að taka röntgenmynd af baki, og var það gert, en reyndist ekki um heimbrot að ræða. Niðurstaða mín var sú, að um blæðingu inn í vöðva (mar) væri að ræða á svæði því, sem eymslin sýndu. Í dag hafa eymslin minnkað töluvert, en þó er ennþá dál. þroti í vöðvum. Ég tel sjúklinginn alls ekki vinnufæran ennþá og muni ekki verða það næstu 10—14 daga.“ Meiðsl þau, er Sigtryggur hlaut, verður að telja áverka í skilningi 205.

gr. alm. hegningarlaga, en meiðsl Skúla þykja eigi verða talin slikur áverki.

Eins og atvikum málsins hefir verið lýst hér að framan, þykir ákærður hafa gerzt brotlegur gegn 205. gr. hegningarlaganna, 18. sbr. 38. gr. áfengislaganna og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, og er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Skúli Pálsson hefir gert þá kröfu, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir atvinnutjón, sárabætur, læknishjálp o. fl. alls kr. 582.00.

Sigtryggur Eiríksson hefir gert þá kröfu, að ákærður verði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir þjáningar, fataskemmdir o. fl. alls kr. 300.00. Þessar kröfur hefir ákærður samþykkt sem réttmætar, og verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Þá ber að dæma ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Aðalsteinn Hólm Þorsteinsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Hann greiði Skúla Pálssyni kr. 582.00 og Sigtryggi Eiríkssyni kr. 300.00, hvorttveggja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, cand. jur. Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 100.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.